Óvinafagnaður og Sturlunga

Leiðarvísir fyrir kennara

Brynhildur Þórarinsdóttir tók saman
júní 2003

Um þetta hefti

Sturlunga hefur komið út í ýmsum útgáfum en hér á eftir er vísað í útgáfu Svarts á hvítu frá 1988. (Ritstj. Örnólfur Thorsson). Sú útgáfa er þægileg í notkun, með nútímastafsetningu, skýrum kortum, fjölda ættartalna og taflna yfir tengsl söguhetjanna.

Óvinafagnaður Einars Kárasonar hefst í miðri hringiðu Sturlungu en bókin byggist fyrst og fremst á Þórðar sögu kakala. Einar ljær mörgum persónum rödd í sögu sinni. Hver kafli er 1.persónu frásögn og sögumenn eru margir. Þeir sem lítið þekkja til Sturlungu geta átt erfitt með að átta sig á því hvernig þessar persónur tengjast. Sumar eru bandamenn eða ættingjar aðalsöguhetjunnar, Þórðar kakala Sighvatssonar, aðrar óvinir hans. Það auðveldar ekki málið að vinir og óvinir tengjast fjölskylduböndum eins og reyndin er með Þórð kakala og höfuðandstæðing hans, Kolbein unga Arnórsson. Töflurnar í Sturlungu Svarts á hvítu auðvelda mjög lesturinn. Lykilpersónur Óvinafagnaðar tengjast eins og hér er sýnt:



Átök Sturlu Sighvatssonar og Gissurar Þorvaldssonar eru rauði þráðurinn í Íslendinga sögu, undanfara Þórðar sögu kakala í Sturlungu. Þeir Gissur og Kolbein ungi ráðast gegn Sturlu, föður hans og bræðrum. Það kemur í hlut Þórðar kakala að hefna. Hefndin beinist fyrst og fremst gegn Kolbeini því Gissur er erlendis. Hjalti biskupssonur kemur ekki mikið við sögu í Óvinafagnaði en hann gætir bús Gissurar meðan hann er fjarverandi.

Einar Kárason gerir ráð fyrir ákveðinni þekkingu lesenda á Íslandssögunni eins og hún birtist í Sturlungu. Þannig vísar hann víða í atburði sem tengjast aðdraganda Þórðar sögu kakala, og jafnvel til atburða er verða eftir að sögunni lýkur. Oft eru atburðirnir sem vísað er í lykill að skilningi á Óvinafagnaði. Í þessu hefti eru kaflar Óvinafagnaðar raktir, bent á tengsl hvers sögumanns við aðalsöguhetjurnar og vísanir útskýrðar. Ef um mikilvæga og fræga atburði er að ræða er bent á handhægar fréttaskýringar í Öldinni okkar (Öldin þrettánda, einkum fyrra bindi, árin 1200-1250, Óskar Guðmundsson, Iðunn, 2002).

Almennt um Sturlungu

Sturlunga er safnrit. Sögurnar sem hún geymir skýra frá atburðum sem urðu á Íslandi frá fyrri hluta 12. aldar til loka 13. aldar. Sögunum hefur verið steypt saman í rétta tímaröð og þannig mynda þær eina heild. Þær eru skráðar skömmu eftir að atburðirnir áttu sér stað og eru því að mörgu leyti afar nákvæmar. Mikill fjöldi manna kemur við sögu og fyrir vikið er Sturlunga oft sögð seinlesin. Heildarmyndin er þó skýr og gefur merkar upplýsingar um ástand, hugarfar og atburði á Íslandi á miðöldum.

Sturlunga er talin sett saman um 1300 sennilega af Þórði Narfasyni lögmanni (d.1308) sem var skyldur Helgu, eiginkonu sagnaritarans Sturlu Þórðarsonar. Sturla skrifaði lengstu sögu ritsins, Íslendinga sögu, sem spannar árin 1183-1264. Hann gæti einnig hafa lagt drög að ritinu en vitað er að Þórður Narfason dvaldi hjá honum veturinn 1271-1272.

Helstu handrit Sturlungu eru Króksfjarðarbók (aðalhandritið) og Reykjafjarðarbók (meiri trúarbragur) sem bæði eru varðveitt gölluð frá 14. öld. Á 17. öld voru bæði þessi handrit heil en þá var farið að blanda þeim saman og setja á pappír.

Sturlunga er aðalheimildin um Íslandssöguna á 12. og 13. öld og afar mikilvæg heimild um endalok þjóðveldisins. Mjög mikið hefur verið skrifað um sagnfræði Sturlungu og gjarnan í samanburði við Íslendingasögurnar. Minna hefur verið fjallað um Sturlungu sem bókmenntaverk, jafnvel þó að bókmenntaleg einkenni séu augljós á mörgum sagnanna. Höfundar beita svipaðri frásagnartækni og höfundar Íslendingasagnanna: Frásagnarhátturinn er hlutlægur, atvikum er lýst fremur en að þau séu skýrð og sjónarhorni, hraða og framsetningu er greinilega ætlað að kalla fram ákveðin viðbrögð lesenda (áheyrenda).

Sturlunga er sögulegt verk. Höfundar sagnanna höfðu aðgang að ýmsum almennum upplýsingum og fræðiritum svo og heimildum (munnlegum og hugsanlega skriflegum í einhverjum tilvikum) um þá atburði sem þeir skrá. Sumir höfundar eru hreinlega vitni að atburðunum eða jafnvel þátttakendur eins og Sturla Þórðarson sem er viðstaddur marga þá hroðalegu atburði sem hann skrifar um.

Sögur Sturlungu eru taldar nokkuð áreiðanlegar enda eru þær skráðar skömmu eftir að atburðirnir eiga sér stað. Lengst líður frá atburðum Þorgils sögu og Hafliða til skráningar, eða um öld. Þó má alltaf gera ráð fyrir að viðhorf höfundar liti frásögnina. Talið er að annálaritun hafi hafist snemma á Íslandi, jafnvel á fyrri hluta 12. aldar. Ef til vill hafa höfundar sagnanna að einhverju leyti stuðst við annála en tímatalið skiptir miklu máli í Sturlungu. Atburðir eru gjarnan raktir nákvæmlega í tímaröð, ártöl eru yfirleitt ekki nefnd en auðvelt er að reikna þau út. Messudaga er t.d. oft getið sem auðveldar útreikninga, svo og merkra viðburða í heimssögunni, t.d. konungaskipta.

Miðaldamenn virðast hafa litið á veraldlegar samtímasögur á borð við Sturlungu sem sagnfræði. Sögurnar gefa nútímafólki þó margs konar upplýsingar, ekki bara um atburði heldur líka um vinnubrögð og gildismat höfunda, einnig um umhverfi atburðanna; tíðaranda, lífsviðhorf og samfélagsgerð. Hinar fjölmörgu frásagnir af deilum og flokkadráttum gefa t.d. mynd af því hvernig ofbeldi var haldið í skefjum og lausn fundin á deilumálum.

Talsverð og merkileg ritstjórnarvinna hefur átt sér stað við gerð Sturlungu og heildarmynd ritsins er skýr. Ritstjórinn (Þórður Narfason) hefur tekið skráðar sögur, valið efnið saman, stytt sumt og fært annað til og þannig skapað heilsteypt rit. Aðeins Hrafns saga Sveinbjarnarsonar er einnig varðveitt sem sérstök saga. Í flestum útgáfum af Sturlungu eru sögur verksins merktar eða aðgreindar á einhvern hátt. Í útgáfu Svarts á hvítu heldur safnritið „upphaflegri“ mynd sinni en sögurnar sem taldar eru liggja til grundvallar eru þó rækilega auðkenndar. Athugið að á tímabili fer mörgum sögum fram samtímis og þær fleyga hver aðra. Þetta er einkum áberandi þar sem Íslendinga saga, Þórðar saga kakala og Þorgils saga skarða vefjast saman.

Sögurnar (kaflarnir) sem liggja til grundvallar Sturlungu eru: Geirmundar þáttur heljarskinns, Þorgils saga og Hafliða, Ættartölur, Sturlu saga, Formáli Sturlungu (Um söguritun), Prestssaga Guðmundar Arasonar, Guðmundar saga dýra, Íslendinga saga, Haukdælaþáttur, Hrafns saga Sveinbjarnarsonar, Þórðar saga kakala, Svínfellinga saga, Þorgils saga skarða og Sturlu þáttur.
(Árna saga biskups, Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka og Arons saga hafa einnig verið prentaðar með Sturlungu útgáfum.)

Sturlunga er römmuð inn af tveimur þáttum sem skera sig frá öðrum sögum ritsins, Geirmundar þætti heljarskinns og Sturlu þætti. Þættirnir gerast við hirð erlendra konunga og sýna baráttuna um hylli konungs til að ná völdum á Íslandi. Þeir sýna hvernig skáldskapurinn veitir aðgang að valdsmönnum og minna á að skáldskapurinn hefur mikilvægt heimildagildi.

Geirmundar þáttur heljarskinns er fremstur en þátturinn gerist á landnámsöld og tengist fornaldarsögum. Bragi skáld Boddason kemur t.d. við sögu en hann er talinn fyrsta skáldið í sögulegum tíma. Aftan við þáttinn eru ættir Skarðsverja raktar og tengdar þessum fornu hetjum.

Þorgils saga og Hafliða gerist í kringum 1120. Hún er talin dæmisaga um lausn deilumála en siðferðilegt sjónarhorn höfundar er óvenju skýrt – gegn ofætlan. Sagan segir frá deilum höfðingjanna Þorgils Oddasonar og Hafliða Mássonar. Deilurnar byrja smátt en leikurinn æsist, m.a. heggur Þorgils fingur af Hafliða. Hafliði fær sjálfdæmi í málinu og fer fram á gríðarháar bætur. Þá segir Þorgils, sem nú er haft að orðatiltæki: „Dýr myndi Hafliði allur“. Þó greiðir hann allt og meira til og þeir skilja í mestu vinsemd.
Í sögunni er einnig hin fræga frásögn af Reykjahólabrúðkaupinu, ein besta varðveitta lýsingin á því hvernig sögur voru sagðar til skemmtunar á miðöldum.

Ættartölur: Allar helstu ættir Sturlungu koma fyrir í ættartölum, sem staðsettar eru á eftir Þorgils sögu og Hafliða, nema Haukdælir. Þeir eru kynntir sérstaklega til sögu í Haukdælaþætti.

Sturlu saga: Fjallar um uppgang Hvamm-Sturlu og deilur hans við aðra höfðingja. Gerist á árunum 1148-1183. Talin elsta saga Sturlungu, ásamt Guðmundar sögu dýra. Sagan er einnig kölluð Heiðarvígs saga eftir helsta atburði hennar.

Formáli Sturlungu er ekki fremst í verkinu eins og búast hefði mátt við, heldur þegar komið er fram til ársins 1185. Formálinn er stuttur og lýsir vel vinnubrögðum ritstjóra verksins. „Margar sögur verða hér samtíða,“ segir hann og rekur hvernig næstu sögur

ritsins skarast í tíma. Einnig skýrir hann sérstaklega frá vinnubrögðum og heimildanotkun Sturlu Þórðarsonar við ritun Íslendinga sögu.

Prestssaga Guðmundar Arasonar: Fjallar um ævi Guðmundar góða Arasonar frá fæðingu til biskupsvígslu (1161-1202).

Guðmundar saga dýra: Segir frá deilum höfðingja í Eyjafirði undir lok 12. aldar. Hér er Önundarbrenna sem skoða mætti samhliða Flugumýrarbrennu – og Njálsbrennu, en sagan er einnig kölluð Önundarbrennu saga.

Íslendinga saga er langviðamesta saga Sturlungu, skráð af Sturlu Þórðarsyni. Atburðir hennar eru nátengdir Þórðar sögu kakala en Sturla Sighvatsson, ein aðalpersóna Íslendinga sögu er bróðir Þórðar kakala.
Sagan hefst á andláti Sturlu í Hvammi 1183, en lýkur á drápi Gissurar jarls á Andréasssonum 1264. (Þar sem Þórður Andréasson kvað dansinn „Mínar eru sorgir þungar sem blý.“)
Aðalpersónurnar eru höfðingjarnir Sturla Sighvatsson (f.1199) og Gissur Þorvaldsson (f.1209). Höfundur dregur upp skýrar hliðstæður, segir frá fæðingu beggja, hvernig þeim er gefið nafn, að þeir eru í uppáhaldi hjá föður sínum, og sagt er frá ýmsum atvikum úr æsku þeirra.
Íslendingasaga segir fyrst og fremst frá blóðugum deilum Sturlu og Gissurar. Gissur vegur Sturlu en sagan fylgir honum áfram þótt hún sé skráð af Sturlungum. Gissur fær frekar jákvæða lýsingu þrátt fyrir að vera „óvinur ættarinnar“. Sturla sagnaritari semur frið við hann og giftir Ingibjörgu dóttur sína Halli Gissurarsyni.

Stríðsástand ríkir í landinu, margir atburðir verða sem þekktir eru úr Íslandssögunni: Apavatnsför 1238, Sturla fer að Gissuri en drepur hann ekki. Gissur hafði í sjálfu sér ekki gert neitt á hlut hans en var fyrir honum. Örlygsstaðabardagi 1238, vendipunktur/ris sögunnar, Sturla og Sighvatur, aldraður faðir hans, drepnir af Gissuri og hans mönnum. Grimmilegar lýsingar. Snorri Sturluson segir „út vil ek“ 1239. Snorri veginn í Reykholti 1241 – lokaorð hans eru: „Eigi skal höggva!“. Flugumýrarbrenna 1253, að loknu brúðkaupi Halls Gissurarsonar og Ingibjargar Sturludóttir. Gissur missir eiginkonu og þrjá syni en Ingibjörg kemst lífs af, „mjög þrekuð, barn að aldri“ eins og Sturla lýsir því.

Íslendinga saga er fleyguð Þórðar sögu kakala. Í Sturlungu kemur Þórður í Eyjafjörð 1242 í hefndarhug vegna víganna á Örlygsstöðum.

Ýmsir fræðimenn telja sig geta lesið skýran friðarboðskap út úr Íslendinga sögu, að Sturla Þórðarson, og líklega margir í kringum hann, hafi verið orðnir þreyttir á skálmöldinni og viljað sættir. Sagan er gagnrýnin á ofsa og óþarft ofbeldi. Athugið þó að ákveðið ofbeldi var bæði samþykkt og nauðsynlegt til að viðhalda jafnvægi og friði í samfélaginu, menn fordæma ekki allt ofbeldi skilyrðislaust á þessum tíma.
Sagan dregur upp skuggalega mynd af Íslandi, líf höfðingjanna snýst um völd og virðingu; pólitískt plott, undirferli, ofbeldi og svik eru daglegt brauð. Hún sýnir líka vel mikilvægi sátta, friðar, vináttu og varkárni.
Íslendinga saga er að mörgu leyti mjög bókmenntalegt verk þótt höfundur hennar sé bæði þátttakandi og áhorfandi, staddur í hringiðu atburðanna. Þar eru draumar og forspár, fyrirboðar, vísur, sviðsetningar, mishraður frásagnarmáti, skipt er um

sjónarhorn, spenna byggð upp o.fl. sem setur bókmenntalegan svip á verkið. Sérstaklega eru vísur og fyrirboðar merkileg fyrir Örlygsstaðabardaga.
Sáralýsingar eru afar nákvæmar og vilja margir meina að þær hafi haft fordæmisgildi og/eða þjónað lagalegum tilgangi.

Haukdæla þáttur: Kynnir Haukdæli til sögunnar, ætt Gissurar Þorvaldssonar. Þessi sérstaka kynning sýnir hvað þeim er gert hátt undir höfði.

Hrafns saga Sveinbjarnarsonar: Um ævi Hrafns sem var mikill höfðingi og læknir (d.1213). Eina saga Sturlungu sem líka er varðveitt sem sjálfstæð saga en sú gerð er mun trúarlegri. Ritstjórinn virðist hafa klippt trúarlegustu kaflana burt. (Hrafns saga hin sérstaka er prentuð í Sturlungu Svarts á hvítu) Snýst um deilur höfðingjanna Þorvaldar og Hrafns. Þorvaldur drepur Hrafn og Hrafnssynir vega Þorvald. Við deilunum taka Snorri Sturluson f.h. Þorvaldarmanna og Sturla Sighvatsson f.h. Hrafnsmanna. Sögusviðið er því að nálgast aðalefni Sturlungu, Íslendinga sögu. Hér er hin fræga Sauðafellsför (1229) þegar Þorvaldssynir fara að Sturlu Sighvatssyni. Sagan endar á bardaga eða í raun aftöku 1232, þar sem Sturla drepur Þorvaldssyni.

Svínfellinga saga: Fjallar um deilur Ögmundar Helgasonar í Kirkjubæ við Svínfellingana Sæmund og Guðmund Ormssyni 1248-1252.

Þorgils saga skarða: Fjallar um ævi Þorgils Böðvarssonar, bróðursonar Sturlu sagnaritara, einkum árin 1252-1258. (Viðurnefnið fékk Þorgils vegna skarðs í vör sem lagfært er á merkilegan hátt í sögunni).

Sturlu þáttur: Æviágrip Sturlu Þórðarsonar frá 1262 til dauðadags. Merk frásögn af sagnaskemmtun Sturlu við hirð konungs. Lokakafli Sturlungu en var líklega ekki í fyrstu gerð ritsins. Rammar inn safnritið ásamt Geirmundar þætti heljarskinns.

Þórðar saga kakala

Sagan gerist á árunum 1242-1256 (einkum 1242-1249). Sögusviðið er nær allt landið, einkum Norðlendingafjórðungur, en líka Vestfirðir og Vesturland. Aðalpersónan er Þórður Sighvatsson kakali (1210-1256). Talið er að kakali merki sá sem gaggar, þ.e. hefur hvella rödd. Þórður er bróðir Sturlu Sighvatssonar, söguhetju Íslendinga sögu, frændi Sturlu Þórðarsonar, sagnaritara. Helstu andstæðingar hans eru Kolbeinn ungi Arnórsson, Gissur Þorvaldsson og Brandur Kolbeinsson (sem er ekki ein af aðalpersónum Óvinafagnaðar). Saga hans sýnir því vel hversu nátengdir deiluaðilar voru en þetta eru allt frændur. Kolbeinn ungi og Þórður kakali eru systkinasynir, Halldóra móðir Þórðar er systir Arnórs, föður Kolbeins. (Kallaður ungi til aðgreiningar frá föðurbróðurnum, Kolbeini Tumasyni sem orti „Heyr himna smiður“). Arnór, afi Brands Kolbeinssonar, og Tumi, afi Þórðar kakala og Kolbeins unga, eru bræður. Gissur, og Arnór faðir Kolbeins, og Halldóra móðir Þórðar, eru systkinabörn. Sjá ættartölur:







Þórður lendir í tveimur merkilegum bardögum, Flóabardaga 25. júní 1244 (sjá bls. 136 og 234-235 í Sturlungu) og Haugsnesbardaga 19. apríl 1246 (sjá bls 236).

Saga Þórðar hefst í Noregi 1238, þar sem hann er staddur þegar faðir hans og bræður eru drepnir á Örlygsstöðum. Hann fer til Íslands til að reyna að ná fram hefndum og endurheimta völd og eignir ættarinnar. Árangur hans er betri en menn þora að vona, hann er bæði afar snjall hermaður og afskaplega heppinn. Hann verður einvaldur í landinu 1247-1250 og nær að halda góðum friði. En orðrómur um að hann vilji frekar vinna landið undir sig en konung berst til Noregs. Kóngurinn stefnir Þórði utan og setur annan í hans stað yfir landið; Gissur Þorvaldsson. Líkast til nær Þórður að endurheimta traust og ábyrgð konungs en verður sóttdauður í Noregi áður en hann getur látið á það reyna.
Saga Þórðar er ekki varðveitt sérstök en ef til vill hefur verið til ítarlegri saga með frásögnum af æsku hans, uppvexti og fyrri Noregsdvölinni, rétt eins og reyndin er með sögu Hrafns Sveinbjarnarsonar. Ritstjóri verksins hefur þá stytt hana til að hún félli að heildarmynd verksins.

Sagan skýrir valdabaráttu og hefndarþorsta Þórðar kakala. Hún er hliðholl söguhetjunni og ekki skrifuð af sama hlutleysi og Íslendinga saga. Sama má þó segja um hana og Íslendinga sögu, hún lýsir skuggalegum tímum Íslandssögunnar þegar landið logar í ófriði og ofbeldi, plott og svik eru daglegt brauð og alger ringulreið ríkir á köflum.

Þórðar saga kakala og Íslendinga saga skarast mjög. Þórðar er getið á nokkrum stöðum í Íslendinga sögu, til dæmis þegar faðir hans setur hann yfir Flugumýri 1235 og fær honum mannaforráð Kolbeins unga meðan Kolbeinn fer utan. (Vinskapur Sighvats og Kolbeins heldur ekki, og Kolbeinn ræðst með Gissuri gegn feðgunum á Örlygsstöðum).

Þórður kakali fer utan 1237, ásamt Snorra Sturlusyni (sem er föðurbróðir hans) og fleirum. Þeir dvelja í Niðarósi um veturinn en árið eftir Örlygsstaðabardaga, þ.e. 1239, eru Snorri og Órækja sonur hans með Skúla jarli (hertoga) í Niðarósi en Þórður með Hákoni konungi í Björgvin. Þeir fá skip og hyggjast halda heim með samþykki Skúla en konungur setur ferðabann á Íslendinga. Þegar Snorra er sýnt konungsbréfið

segir hann: „Út vil ek“ eins og frægt er orðið. Gera má ráð fyrir að Þórður kakali hafi einnig þráð að fara út til að ná fram hefndum eftir Örlygsstaðabardaga. Hann kemst þó ekki fyrr en 1242, ári eftir að Snorri er höggvinn í Reykholti.

Óvinafagnaður

Óvinafagnaður Einars Kárasonar fylgir helstu atburðum Þórðar sögu kakala frá því hann fréttir af falli föður síns og bræðra á Örlygsstöðum og þar til lokið er sjóorrustunni miklu, Flóabardaga. Þótt Einar kjósi að ljúka sögu sinni þar er sögu Þórðar ekki lokið í Sturlungu, hefndir verða vegna Flóabardaga og framundan er mesta og mannskæðasta orrusta Íslandssögunnar, Haugsnessbardagi (Haugsnessfundur) sem Einar aðeins vísar í.

Óvinafagnaður er skýr andstæða Sturlungu hvað stíl varðar. Persónur Einars eru tilfinningaverur og frásögn þeirra afar huglæg. Bókin er fjarri hinum hlutlæga „kvikmyndastíl“ Íslendingasagnanna og Sturlungu. Hér er kafað undir yfirborðið og menn tjá sínar innstu hugsanir.

Óvinafagnaður fylgir tímaröð atburða Sturlungu en þar sem allar persónur fá að tjá sig er stundum stokkið aftur á bak í frásögninni. Ný persóna gæti þurft að tjá sig um orðna atburði á sinn hátt og það getur varpað nýju ljósi á söguna.

Aðdragandi atburða Óvinafagnaðar

Minnst er á heimför Þórðar Sighvatssonar í Íslendinga sögu (bls. 457) en það er fyrst og fremst Þórðar saga kakala sem Einar Kárason byggir á. (bls. 459-550). Hann styðst þó augljóslega við Íslendinga sögu, enda eru óteljandi vísanir í atburði hennar.
Þegar Óvinafagnaður hefst situr Þórður kakali að sumbli í Noregi. Hann hefur verið í Noregi síðan 1237, sigldi utan með Snorra Sturlusyni. Ýmislegt hefur gerst síðan Örlygsstaðabardagi var háður 1238 þar sem faðir hans og bræður voru drepnir. Kolbeinn ungi ræður nú Norðlendingafjórðungi og hefur látið Sturlunga og stuðningsmenn þeirra sverja sér trúnaðareiða. Þannig hefur hann fengið vald yfir Vestfjörðum að auki.



Meðal þeirra sem neyddir eru til að sverja eiða eru Dufgussynir sem koma mjög við sögu í Óvinafagnaði. Þeir eru reknir utan en verða afturreka vegna veðurs. – Að baki býr óttinn við að Þórður snúi heim frá Noregi en fátt er vitað um ferðir hans þar. Friðsemdarmaðurinn Sturla Þórðarsona sagnaritari er t.d. handtekinn og látinn lofa að vera aldrei á móti Kolbeini.

Yfirlit – kaflar Óvinafagnaðar

1. kafli
Þórður
Oft er talað um „konunginn“ sem er Hákon konungur í Noregi. Hákon var barnungur er hann tók við völdum og hefur Skúli (jarl/hertogi) stýrt ríkinu með honum. Margir Íslendingar hafa dvalið hjá þeim. Snorri Sturluson var þar fyrst um 1220. Sturla Sighvatsson, bróðir Þórðar, um 1235, en honum var stefnt utan fyrir Grímseyjarför o.fl. ofbeldisverk (gegn Guðmundi biskup Arasyni). Þórður er með Hákoni en Snorri hefur dvalið með Skúla síðan 1237.

Bls. 8.
Vísað er í deilur Snorra og Sturlu Sighvatssonar. (t.d. bls. 286 í Íslendinga sögu og áfram, Öldin okkar bls. 82 og 100). Sturla og Þorvaldur Vatnsfirðingur deila við Snorra. Sturlungar deila auk þess um Snorrungagoðorð. Sturla Sighvatsson situr yfir gamla ættargoðorðinu Sauðafelli í Dölum (Öldin okkar, bls. 104). Athugið að helstu óvinir Sturlunganna, Kolbeinn ungi og Gissur Þorvaldsson, eru (fyrrverandi) tengdasynir Snorra.

Bls. 9.
Vísað í rit Snorra og vinskap hans við konung og jarl sem honum finnst hafa brugðist. Vinátta þeirra vekur mikla athygli á Íslandi en margir verða tortryggnir í garð Snorra fyrir vikið, skv. Íslendinga sögu. Sunnlendingar hæða hann t.d. fyrir kveðskap sinn um þá valdamenn.

2. kafli
Halldóra

Halldóra Tumadóttir (d.1247) er móðir Þórðar, ekkja Sighvats Sturlusonar.

Bls. 12 – synir Snorra eru kallaðir auðnuleysingjar og er það í nokkru samræmi við dóm sögunnar. Þeir verða aldrei sömu höfðingjarnir og faðir þeirra. Þeir eru báðir óskilgetnir. Jón murt á Snorri með Herdísi Bessadóttur. Hann deyr í Noregi 1231 á fylleríi með Gissuri Þorvaldssyni. Órækju á Snorri með Þuríði en hann tekur talsverðan þátt í átökum Sturlungaaldarinnar. Fyrir vikið lætur Sturla Sighvatsson gelda hann og stinga úr honum auga. Órækja er kvæntur systur Kolbeins unga.

Bls. 12. neðst. Sagan af fæðingu og bernsku Sturlu Sighvatssonar er í Íslendinga sögu. Óvenjulegt er að sagt sé frá börnum í bókmenntum þessa tíma en Íslendinga saga segir frá fæðingu og uppvexti Sturlu og Gissurar Þorvaldssonar. Strax frá fyrstu stund er ljóst að þeir verða miklir höfðingjar og að þeir eru e.k. spegilmynd hvor annars.

3. kafli
Þórður

Bls. 18. Vísað er í Örlygsstaðabardaga 21. ágúst 1238 þar sem lið Kolbeins unga og Gissurar Þorvaldssonar vann stórsigur. Feðgarnir Sighvatur á Grund og synir hans vegnir ásamt á sjötta tug manna. Sighvati og Sturlu er hreinlega slátrað, þeir lokast inni í gerði (fjárrétt) og eru vegnir með ofsa og offorsi. Drápin eru óvenju grimmileg.

Sighvatur er orðinn gamall og er höggvinn móður og varnarlaus en líkið síðan flett klæðum í niðurlægingarskyni. Gissur stekkur í loft upp til að ná sem mestum krafti í höggið á Sturlu sem þó liggur særður á vellinum. Fjórir af sex sonum Sighvats eru drepnir: Þórður krókur, Markús, Kolbeinn og Sturla. Tumi kemst undan en Þórður er í Noregi (Sjöundi sonur hans, Tumi eldri, var veginn af mönnum Guðmundar biskups Arasonar 1222). Sighvatur lætur eftir sig þrjár dætur: Steinvöru, Valgerði og Sigríði (laungetin).

Nauðsynlegt er að kunna einhver skil á Örlygsstaðabardaga til að átta sig á Óvinafagnaði. Fjallað er um bardagann á bls. 419 og áfram í Sturlungu. Ágæt samantekt um bardagann er á bls. 154-157 í Öldinni okkar (sjá hér á eftir). Kort sem sýna bardagasvæðið eru á bls. 220-221 í skýringabindi Sturlungu.

Blóðugur sigur Gissurar

Örlygsstaðabardagi

Þeir feðgar Sighvatur og Sturla sonur hans féllu ásamt á sjötta tug manna í bardaga á Örlygsstöðum 21. ágúst síðastliðinn. Kolbeinn og Gissur hrósa miklum sigri – en blóðugum

Mikið manntjón varð í bardaga við **Örlygsstaði** 21. ágúst síðastliðinn. Sturla hefur að undanförnu þótt gera sig seltan um mikilsverðar dómgreindarbrestur, ofsa og stórmennsku, þannig að fáum kemur í opna skjöldu að til hardvítugra átaka kæmi. Hitt kemur mörgum á óvart hversu bráðan endi lét þeirra feðga fær og ríki þeirra allt norðanlands og vestan.

Sveinna hefur verið rekkl í sumar og í byrjun ágúst dró Sturla Sighvatsson saman lið um sig, héraðs fyrst vestur á Blönduósheiði. Hann stefndi saman flokkum, bæði Bræðrum á Stað og Sturla á öðru hvorum á sínu liði á Sturlufellsnesi og kæmu þeir til Sturlaflóls 7. ágúst, þangað sem Ísleifur biskupssyni sem fór fyrir Bræðrunum. Á Vestfjörðum komu þeir Hrafnssyni sem og Strandamenn. Markús bróðir hans kom norðan frá Grund í Eyjafirði. Miðfirðingar voru og með í för. Sturla reið með lið sitt austur og mönnum sína hélt í Bólstaðarhlíð 9. ágúst. Til Skagafjarðar komu þeir 10. ágúst og var síðan á á Þingeyri. Þar var tekinn matur og höggvið í til matar mánaðar.

Í Skagafirði var Sturla í nokkrum vanda, fór til Hóla og víðar og þótti mönnum þungt að þola yfirráð hans og ívilgning. Það var ekki fyrr en 16. ágúst að Sighvatur kom í Skagafjörð en Sturla var með flokka sína í Sauðeyjarsundi og í Langanesi. Í Ernir þeir við Vallalag. Voru þar þá Sighvatur og allt sem í landi Íslandi, voru Eyfirðingar með fjögur hundruð manna lið.

Sturla sendi jafnan menn til liðsafnaðar í nótt en enginn kom aftur. Voru menn þá farnir að rúa þeir að Kolbeinn og Gissur kæmu með lið sín austan. Aðfaranótt 21. ágúst skipuðu þeir liði á Gelsir, Sturla var með sína sveit á Miðlæk. Kolbeinn hélt hann á Víðivöllum. Sigurður í Sólheimum, Markús á Miðsyðju og síðan var fólkunum dreift eftir á 3 hundruð lið.

Þeir Kolbeinn og Gissur sóttuðu á skömmum tíma þrettán hundruð manns liði og er þeir kæmu í Reykjalag kvöldið fyrir 21. ágúst. Áður en þeir lögðu af stað um morguninn hélt Gissur eggjunarræðu yfir mönnum.

Eggjunarræða Gissurar

„Vil ég eigi að þér haldið mig á spjótsoddum fyrir yður sem Skagfirðingar hálfu Kolbein Tumason frænda minn þá er hann fell í Viðinesi, en runnu sjálfir þegar í fyrstu svo hraðlega að þeir vissu eigi er þeir rannu yfir Jökulsá. Og þar er þeir þótust skjaldu bera á baki sér þar báru þeir síðla sína. Leitið yður nú heldur vaskra manna dæma, þeir er eð fylgdu Sverri konungi eða öðrum höfðingjum. Þá er æ uppi þeirra frægð og góður röskleikur. Efast ég ekki í þeí að ég skal yður eigi ýtarri staddur ef þér dugið vel sem ég vænu góðs af öllum yður. Er það og sagt að segja á sú maður má aldrei röskur heita er eigi rekur þessa óaldarflokka af sér. Gæti vor allra guð."

liði síðan er Kolbeinn og hans menn riðnir á jörð. Eftir skamma stund er hersveitin komin á hlaðið. Síðan er þeim tekið og fjölmenni annars eftir.

Sighvatur í opinni dauðanum

Engu var líkara en Sighvatur gengi í opinni dauðanum. Hann gekk síðan eftir gerðinu á móti Skaftfellingum. Hann var í blárri kyrtli og hafði stálhattu á höfði en sá er sá hann hræddist ekki og reiddi hann Sigurð. Hann lét um skaftið á öxi sinni meðan stóð og stóð á gólfi en veifaði skaftinu. Vildi hann skilja að vera sig svo fast á sig, þar fyrir. „Ég sæki mér ekki á hann," sagði. Sighvatur sló hann svo mikla af mæði en sárum. Björn Leifsson úr Ás drap yfir hann skilti en Kolbeinn kom þar að og spurði hvers vegna hann vægi ekki drepinn. „Því að Björn vill hann," sögðu þeir. „Drepið hann þá fyrst," sagði Kolbeinn. Komu þeir þá margir og lögðu. Sighvatur hafði sautjan sár.

Gissur reiðir hátt til höggs

Stuðl varðist vel og lengi, vopnaður sverðinu Grásiðu. Margir lögðu hann vopnum og var hann sárður sinnum er hann þrotinn af vöðvamæði fell Hjalta Kálfssonar. „Gríð frænd!" Hjalti tók þá vel og steddi þá Sturla hönd undir á Sveðja Hjalta og gengu þeir á gerðinu. Hjalti lagði á hann hönd sína á bak sér og steddi hann svo. Sturla hræddi sér niður og undrandi óskyrt og heiðlist þreyfandar. Hjalti gekk á á brott en Gissur kom þar til og kvaðst hér skyldu á vinna. Tók hann breiða öxi og hjó í höfuð Sturlu vinarins mikla sár. Síðan segja menn er hjó svo sá Gissur á hjá þaðan fóru upp við bæ er hann hjó Sturlu svo sá hann á sverðinu og jarðarinnar.

Sturla lá grið

Markús Sighvatsson var sendur til öldis þar í gerðinu er síðan drepinn á skinni Gissurar. Vinni bróðir hans hjóp á fjá upp en Kolbeinn Sighvatsson kom á móti á Kirkjuna sem og Þórður á vöfl. Lyrs. Þar var megi ólukku á á Hjalta komnum.

Þegar Gissur kom til kirkjunnar var mönnum gróð boðin. Sturla Þórðarsyni, Dufgussonum og mörgum öðrum þekktum mönnum. Kolbeinn Sighvatsson hafði þyngra fyrir dyrum. Hann bauð sína vandaðarð sína og komu á síðsi til Sturlu á fjá en ekki var á þá í Hjalti. Hlaðuðu þeir á hann sínum á fjá en þeir Kolbeinn gengu ekki á. Um síðir gekk hann á fjá og mælti til Gissurar: „Það veldi ég á þá hann fyrr höggva mig en Þórð bróður minn." Gissur leyfði svo vera skylda og var hann höggvinn. Síðan var Þórður leiddur til höggs. Kolbeinn sagði var þá spurður: „Vinur þinn er meinlausum gróðu. Þorð. Hvaða þýrum?" Ka beinn mælti: „Fornsi er meri sæðli er nú." Og var drengurinn síðan vegin.

Eitt sinn skal hver deyja

Þórir jökull var staddur í Hafnarfirði er fjórir af honum lagðist undir höggið kvað hann vísu þessa:

Upp skulu á kjöl klífa,
kólk er sjónar skífa.
Kæmðir hugum at hvörfu,
hér munu lífið verða.
Nauðr bygger þá hvaðr
þá er ríðr á hag jöfri
Á hvörjum fir vaggar
Fár sjón skal hver deyja

(Verð...meiss... skæl-skeifa, beyg at-beyg ólu, skalli=skollorrur maðr, hér er er vill menn.)

Hann varð þar höggvinn á allt með öll Sighvats Sturlungar. Þar voru og vegnir Hrafnssynir úr Arnarfirði, Svein björn og Ketill. Tugir manna en fjórir úr ofríki þessum handaga. Alls lifði þá 49 menn úr liði Sturlu og sjö af liði Gissurar og Kolbeins. Síðan var hann leiddur á fund sér.

Tilgátur

Ofdramb og endurlausn Sturlu

Margir telja að fall Sturlu Sighvatssonar sé afleiðing af ofríki hans og ofdrambi. Sumir líta svo á að yfirnáttúrleg hans til Rómar árið 1232 hafi sett sína hans til Íslands grimmdarverka en aðrir segja að þrátt fyrir ofdramb hafi hann undlegna endurlausn verið honum nærri. Hugur hans hafi á síðustu stund beinst að andlegum verðmætum. Hann hafi lýst svo yfir að hann vildi ekki drepa menn, og þyrmdi lífi óvinanna og Gissur á skinni tíma. Og þeir sem einnig til sem telja að endalokin hinni sönnu vænir og jákvæðu sjónar á lífinu, bendi einmitt til þess sama, að hann hafi ekki viljað gangá frá af morðum og hernaði. Hugur hans hafi ekki engir verðfirðir mannafir og óðinsóls

4. kafli
Björn Drumbur

Dufgusssynir eru fjórir: Björn drumbur, Svarthöfði, Kægil-Björn og Kolbeinn grön. Dufgus er dóttursonur Hvamms-Sturlu sem er afi Þórðar kakala.



Bls. 25. Björn segir að Sturla Sighvatsson hafi verið fríðari en aðrir menn. Þetta kemur fram í Íslendinga sögu þar sem sagt er frá ferð Sturlu til Rómar. Hann var leiddur barinn og berfættur milli höfuðkirkna sér til sálubótar og er sagt að „flest fólk stóð úti og undraðist, barði á brjóstið og harmaði að svo fríður maður var svo hörmulega leikinn og máttu eigi vatni halda bæði konur og karlar“. (bls. 351)

Björn spyr í lok kaflans af hverju lið Sturlungafeðganna hafi ekki barist eins og menn. Augljóst er á Íslendinga sögu að frammistaða þeirra hefur þótt dapurleg. Þó eru skýringar þar á. Draumar og forspár gefa dauða þeirra til kynna í sögunni. Þeir eru forlagatrúar og telja sig ekki geta snúið á örlögin. Þeir hafa gefist upp fyrirfram, hafa ekki trú á að þeir muni sigra. Þeir gera þar af leiðandi hernaðarmistök þegar þeir láta lið sitt lokast inni í rétt þannig að hægt er að sækja að því úr öllum áttum og slátra því eins og skepnum. Sjá skýringarmynd.



---

5. kafli
Þórður

Fjögur ár eru liðin frá Örlygsstaðabardaga og sagan er á allra vörum í Noregi.

Þórður minnist á stórlæti og ofsa Sturlu bróður síns. Ýmsir hafa skrifað um boðskap sagnanna í Sturlungu, einkum Íslendinga sögu (t.d. Ármann Jakobsson). Sagan er talin

sýna að ofsi og óhóf hafi slæmar afleiðingar, leysa eigi deilumál á friðsamlegri hátt. Sagan er talin hafa ótvíræðan friðarboðskap.

Bls. 27. Þórður segir Sturlu hafa svikið og prettað þá sem urðu banamenn hans. Hann gæti t.d átt við Apavatnsför þar sem Sturla ginnti Gissur á sitt vald (en vildi svo ekki drepa hann sem aftur varð honum að falli).

bls. 28. Orðalagið „dreittir inni“ er þekkt úr Sturlungu og staðfestir virðingu miðaldamanna fyrir kirkjunni. Hversu harðir sem bardagarnir voru forðuðust menn að óhreinka eða eyðileggja kirkjur. Kirkjur veittu öruggt skjól því ekki mátti beita vopnum þar. Það þýddi m.ö.o. að menn gátu komið sér í sjálfheldu með því að flýja í kirkju, eins og sannaðist á Örlygsstöðum: Margir féllu í bardaganum en aðrir komust í kirkjuna á bænum. Þar máttu þeir dúsa lengi meðan vopnaður her stóð vörð fyrir utan. Þar kom að þörfin fyrir að komast á náðhús varð öllu öðru sterkari. – En ekki mátti óhreinka kirkjuna. Kolbeinn Sighvatsson, einn hinna innilokuðu, bað lið Gissurar að leyfa kamarferð og féllst Gissur á það. Kolbeinn og menn hans fengu hins vegar ekki að snúa til baka og voru höggnir á hlaðinu. Kolbeinn fyrstur að eigin beiðni því hann treysti sér ekki til að horfa á hinn unga bróður sinn, Þórð krók, veginn. Síðan Þórður krókur, og svo fylgdarmenn þeirra: Hrafnssynir, Þórir jökull, Hermundur Hermundarson. Alls féllu 49 úr liði Sturlu í bardaganum en 7 úr liði Gissurar og Kolbeins unga.

Bls. 28. Vísan. Þórður kakali fékk senda vísu um Örlygsstaðafund frá Snorra Sturlusyni meðan báðir voru í Noregi. (Sturlunga, bls. 425). Snorra þótti greinilega mikill skaði af falli Sighvats bróður síns þótt oft hefðu þeir deilt af hörku.

Bls. 29. Þórður veit að Snorri hyggur á heimferð. Hér er vísað í fræga heimferð Snorra frá Noregi 1239. Konungur hefur bannað Íslendingum í Noregi að sigla heim. Hann vill ná landinu undir sig en telur Íslendinga ósamvinnuþýða. Í Íslendinga sögu er sagt að Sturla hafi verið mikill vinur konungs og átt að vinna landið undir hann. Konungurinn er ergilegur vegna dráps hans og pirraður út í Íslendinga. Spenna er milli Hákonar konungs og Skúla jarls. (Snorri dvelur hjá Skúla og Þórður hjá Hákoni). Þegar Snorri fréttir af farbanni konungs segir hann: „Út vil ég“ og hefur bannið að engu. Þórður dvelur hjá konunginum sjálfum og getur ekki óhlýðnast á sama hátt.

6. kafli
Þórir Jökull

Þórir Jökull Steinfinnsson er liðsmaður Sturlu í Íslendinga sögu. Hann barðist með Sturlu í Bæjarbardaga 28. apríl 1237. Sá bardagi markaði tímamót, Sturla hafði þar með sigrað frændur sína á Vesturlandi og var orðinn valdamesti maður landsins. Yfir þrjátíu manns féllu í bardaganum, 29 úr liði Þorleifs úr Görðum en aðeins 3 úr liði Sturlu. Mikill fjöldi manna særðist. (Fín samantekt um Bæjarbardaga er á bls. 146-147 í Öldinni okkar).

Þórir Jökull er einn þeirra sem dreittir voru inni á Örlygsstöðum og höggnir eftir að þeir fengu kamarsleyfi.

Bls. 31. Lýsing Þóris Jökuls á kirkjudvölinni og aftökunum er hér miklu nákvæmari en Íslendinga saga (bls. 423-424). Athugið nánar er sagt frá því í Óvinafagnaði en

Íslendinga sögu hvernig Sturlu Þórðarsyni eru gefin grið en þó er það Sturla sem ritar síðarnefndu söguna!

Bls. 33. „mér var sagt það ungum að ég myndi farast á sjó.” Andlátsvísa Þóris Jökuls er einhver þekktasta vísa Sturlungu. Vísan ber það með sér að höfundurinn hafi reiknað með dauðdaga á sjó. Frásögnin af aftöku Þóris er aðeins tvær línur í Sturlungu og ekkert sagt um vísuna annað en að hann hafi kveðið hana áður en hann lagðist undir höggið. (sjá. bls. 423-424)

Upp skaltu á kjöl klífa,
köld er sjávar drífa.
kostaðu huginn að herða,
hér muntu lífið verða.
Skafl beygjat þú skalli
þó að skúr á þig falli.
Ást hafðir þú meyja.
Eitt sinn skal hver deyja.

Í þessum kafla kemur berlega í ljós það sem fyrst og fremst greinir að frásagnir Íslendinga sögu og Óvinafagnaðar: Annars vegar æðruleysi söguhetjanna í Sturlungu, hins vegar hræðsla þeirra í Óvinafagnaði.

7. kafli
Hálfdan á Keldum

Hálfdan er maður Steinvarar Sighvatsdóttur, systur Þórðar kakala. Hann er sonur Sæmundar fróða. Sagt er að Ásverjar (bls. 332) hafi helst viljað fá hann sem höfðingja en hann vildi ekki trana sér fram.

Bls. 37. Hálfdan talar um að bændur þurfi að henda frá sér verkfærum og berjast. Þegar líður á sögu Einars fjölgar athugasemdum á borð við þessa. Stríðsþreytan verður meira áberandi, það eru venjulegir bændur sem neyðast til að berjast og jarðir þeirra líða fyrir það. Þessi stríðsþreyta og tilgangsleysi bardaganna í augum almennings á sinn þátt í falli þjóðveldisins.

Hálfdan segir konu sína herskárri en flesta karlmenn. Steinvör er í Sturlungu afar sterk kona og mikill skörungur. Í Þórðar sögu kakala (bls. 463) er húin kölluð „höfuðskörungur og líkleg til framhvata margs við Hálfdan bónda sinn“.

8. kafli
Þórður
Bls. 40. Minnst er á víg Snorra Sturlusonar, 23. september 1241. Snorri reynir að stöðva aftökusveitina og segir: „eigi skal höggva“. Sjá bls. 440 í Sturlungu, bls. 168 í Öldinni okkar.

Pískrað er að Gissur verði gerður að jarli – sem síðar verður. Menn höfðu einnig pískrað um að Snorri væri orðinn jarl, að Skúli hefði gert hann að jarli yfir eynni Folksn í Noregi en fram kemur í Sturlungu að mikil óvissa er um þetta.

Bls. 41. Egils saga. Margir eru á því að Snorri hafi skrifað Egils sögu Skalla-Grímssonar og kemur þar margt til; s.s. áhugi hans á skáldskap og Noregskonungum og búseta á Borg á Mýrum, landnámsbæ Skalla-Gríms, þar sem hann gæti hafa kynnst arfsögninni.

9. kafli
Kolbeinn ungi

Bls. 42. Kolbeinn eldri, sem hér er vísað í, var föðurbróðir Kolbeins unga. Hann kom Guðmundi Arasyni á biskupsstól á Hólum í þeirri trú að hann gæti stjórnað honum. Þeir deildu harkalega og snerust deilurnar um völd og áhrif kirkju og veraldlegra höfðingja. Lið biskups felldi Kolbein á Víðivöllum á Maríumessu 1208 (8./9. september). en kvæðið fræga „Heyr himna smiður“ orti hann kvöldið fyrir bardagann.

Bls. 43. Neðst. Gráturinn og skelfingin er mun meiri í Óvinafagnaði en Sturlungu þótt segi megi að undirtónn sagnanna sé sá sami: Ofbeldi er yfirgengilegt og óþarft.

10. kafli
Björn drumbur

Dufgussynir eru látnir sverja Kolbeini eiða en vilja í raun hefndir. Verða ekki sannir stuðningsmenn Kolbeins.

Bls. 46. Orðin um skáldin eru athyglisverð, menn virðast ekki reikna með þeim í bardaga. Sturla Þórðarson skráir söguna og fær fyrir vikið að halda lífi. Ef til vill hafa skáldin fylgt mönnum eftir í bardögum til að geta staðfest hetjudáðir þeirra eftir á í kvæðum og sögum. Segja má að þau hafi verið e.k. fréttaritarar þessa tíma.

11. kafli
Þórður

Bls. 49. Gissur er væntanlegur til Noregs. Í Sturlungu kemur fram að um það leyti sem Þórður kakali fer heim siglir Gissur Þorvaldsson utan og setur Hjalta Magnússon yfir bú sín á meðan. Skyldu þeir Kolbeinn ungi styðja hvor annan. Tengsl allra þessara manna hafa þegar verið sýnd, sjá töflu 102.

12. kafli
Guðný Sturludóttir

Guðný er dóttir Sturlu Sighvatssonar, ung stúlka ef miðað er við að hún var barn að aldri í Sauðafellsför 1229, sem sagt er frá í Íslendinga sögu. Vatnsfirðingar ráðast inn í Sauðafell í leit að Sturlu Sighvatssyni sem er að heiman. Barnfóstra Guðnýjar bjargar henni með því að grípa hana og leggjast með henni í rekkju. Innrásarliðið ryðst inn í bæinn og stingur í öll rúmin nema það sem mærin liggur í. – Yfir henni er e.k. verndarkraftur.

13. kafli
Þórður

Þórður stefnir á land á Gásum sem var mikill verslunarstaður á miðöldum.

Halldóra, móðir Þórðar, tekur á móti honum grátandi. Í Þórðar sögu kakala er einfaldlega sagt að „vakist hafi upp harmarnir“ eftir vígin.

14. kafli
Björn drumbur (Dufgusson)

Þórðar saga kakala (bls. 461) Dufgussynir hafa orðið afturreka í Hrútafirði. (Kolbeinn ungi gert þeim að sverja trúnaðareiða eða sigla utan. Utanförin misheppnaðist). Björn drumbur er sendur með Þorsteini Hjálmssyni að leita sátta fyrir þá bræður hjá Kolbeini. Frásögnin er afar stutt, Jón liðsmaður verður á vegi þeirra og þeir frétta af komu Þórðar til landsins. Engin karaktermynd er dregin af Þorsteini eins og gert í Óvinafagnaði.

Bls. 58. Minnst er á Ólaf þennan á fáeinum stöðum í Sturlungu en engar frásagnir eru af honum. Söguna af Ólafi í brúðkaupinu er ekki að finna í Sturlungu.

15. kafli
Þórður

Undirbúningur hefndanna: Hér hefst hin raunverulega frásögn af liðsafnaði Þórðar kakala, sumarið og haustið 1242.

Liðsafnaður Þórðar kakala sumarið og haustið 1242



463-470

61

Tók Þórður þá það ráð að ríða suður um land. Var þá eigi meira föruneyti Þórðar að sinni úr Eyjafirði en tveir menn, Snorri Þórálfsson er út kom með honum og annar maður er Hámundur hét og var Þorsteinsson. Hann var kallaður auga. Hann var leiðtogi þeirra. Riðu þá norður yfir Vöðlaheiði og svo upp hina nyrðri leið á Sand (463)



Við sögu koma systur Þórðar og menn þeirra. Í Þórðar sögu fer Þórður frá Gásum á Grund en þar búa Sigríður systir hans og Styrmir maður hennar ásamt börnum, Höllu og Teiti. Fram kemur að Kolbeinn ungi hefur ráðið því sem hann vill frá vígi Sighvats og Sturlu, hefur fært fólk milli bæja og slegið eign sinni á lönd Sighvats. Þannig hefur hann „keypt“ Grund (óðal Sighvats) af Halldóru og Tuma syni hennar og látið þau fá land að Þverá í Skagafirði í staðinn. Sigríður og Styrmir búa á Grund að skipan Kolbeins en þau bjuggu áður í Bjarnarstaðahlíð.
Þórður fer til Grundar en ekkert er sagt frá heimsókninni í Þórðar sögu kakala. Styrmir er alger aukapersóna, helsta hlutverk hans í Sturlungu er að halda uppi njósnum fyrir Sighvat, ef marka má Íslendinga sögu.
Þórður fer frá Grund til Keldna til Hálfdanar og Steinvarar. Þau fá meira vægi í frásögninni enda Steinvör greinilega í miklum metum hjá höfundi, bæði Þórðar sögu og Íslendinga sögu.
Sagan af einhenta hestamanninum er ekki í Þórðar sögu kakala.

Teitur „litli“ var viðstaddur Örlygsstaðabardaga, skv. Íslendinga sögu. Sigríður sendi hann utan eftir bardagann og var hann um veturinn í Orkneyjum en kom svo til Íslands aftur.

16. kafli
Hálfdan á Keldum

Bls. 70. Gissur og Kolbeinn hafa skipt með sér landinu. Kolbeinn ræður nú öllum Norðlendingafjórðungi og Vestfjörðum. Veldi Gissurar er á Suðurlandi.

Þórðar saga kakala (Bls. 464). Þórður ber upp erindi sitt við Hálfdan og Steinvöru. Steinvör svarar strax og leggur áherslu á að Þórður fái liðsinni en Hálfdan er þögull og varkár. Steinvör eggjar Hálfdan til hefnda með Þórði, segist sjálf munu taka vopn og kanna hverjir vilji fylgja sér og afhenda honum búrlyklana ef hann skorast undan.

17. kafli
Þórður

Steinvör er enn sterkari kona og meiri skörungur (jafnvel óhemja?) í Óvinafagnaði en Sturlungu enda lengir Einar Kárason eggjun hennar og ræðu verulega. Mikil niðurlæging fælist í því fyrir Hálfdan ef kona hans færi til bardaga en hann sæti eftir með búrlyklana – kvenmannsverkin. Sæmd hans og karlmennska er í veði. Fatnaðurinn sem hún hendir í bónda sinn kemur ekki fyrir í Sturlungu. Þar er Hálfdan sneggri að heita aðstoð.

18. kafli
Kolbeinn ungi

Þessi frásögn er ekki í Sturlungu. Þar er örstutt skýrt frá því að Kolbeinn hafi frétt af komu Þórðar til landsins. Viðbrögð hans eru að senda strax 30 menn til Eyjafjarðar.

19. kafli
Þórður

Þessi samskipti Tuma og Þórðar eru hugarfóstur Einars Kárasonar.

20. kafli
Tumi

Tumi Sighvatsson er vissulega ekki ein af helstu hetjum Sturlungu, hann flýr t.d. upp í fjall í Örlygsstaðabardaga. Engu að síður er mynd hans mun jákvæðari þar en í Óvinafagnaði. Eftir bardagann býr hann með móður sinni á Grund og tekur þannig við hlutverki föður síns. Hann kvænist Þuríði Ormsdóttur, systur Hallveigar konu Snorra Sturlusonar. Snorri Sturluson rekur síðan mál hans á þingi gegn árásarliðinu frá Örlygsstöðum. Kolbeinn ungi hefur varann á gagnvart honum og ástæðan fyrir því að hann flytur þau mæðgin frá Grund að Þverá í Skagafirði er varkárni. – Hann grunar að Tumi sé ekki eins hættulaus og hann virðist vera og vill losna við hann úr Eyjafirði.
Lýsing Einars Kárasonar á Tuma er þó skiljanleg. Tumi sinnir eftirmálum Örlygsstaðabardaga meðan Þórður er á slarki í Noregi. Það liggur því beint við að gera sem mest úr pirringi hans í garð Þórðar sem fær höfðinglegar móttökur og hegðar sér eins og hann sé sá eini sem gæti sæmdar fjölskyldunnar. Núningurinn milli bræðranna er til staðar í Þórðar sögu kakala og þeim sinnast á köflum með þeim afleiðingum að Tumi fer sínar eigin leiðir. Ekki er þó sagt beinum orðum frá öfund hans í garð Þórðar.

21. kafli
Þórður

Svertingur Þorleifsson, sem býr á ættaróðali Sturlunga, Hvammi í Dölum, er bróðir Dufgusar og dóttursonur Hvamms-Sturlu.



Svertingur er sagður vinur Vatnsfirðinga í Íslendinga sögu en lítill vinur frænda sinna nema Sighvats. Síðar er hann í slagtogi við Órækju Snorrason. Svertingur tekur við Þórði kakala og fer með honum á Staðarhól til Sturlu Þórðarsonar og á þátt í að „draga saman vináttu þeirra frænda. Var það og auðvelt.” (Íslendinga saga, bls. 458)

Svertingur fylgir Þórði ekki til Sturlu í Óvinafagnaði en þar er lögð áhersla á vináttu frændanna sem aðeins er vikið að í Íslendinga sögu. (Sturla skrifar ekki mikið um sjálfan sig í Íslendinga sögu en þó talar hann einstaka sinnum um sig í 3. persónu).

Í Þórðar sögu kakala – eins og í Óvinafagnaði – fer Tumi til Svertings meðan Þórður fer vestur á firði, báðir í leit að liðsinni.

Bls. 91. Aftur er vísað í fræga syndaaflausnarför Sturlu Sighvatssonar til Rómar.

Bls. 92. Einar Kárason gerir því skóna að Sturla Þórðarson hafi skrifað Laxdælu og Njálu. Nafn hans hefur verið nefnt í tengslum við þessar sögur en ekkert sannar þessa kenningu. Ólafur bróðir hans hvítaskáld er líka gjarnan nefndur sem höfundur Laxdælu.

22. kafli
Kolbeinn ungi

Bls. 97. Kaunin. Í Íslendinga sögu er sagt frá því hvernig Kolbeinn ungi fær þau meiðsli er að lokum draga hann til bana (Bls. 426). Eftir Örlygsstaðabardaga þykist Kolbeinn hafa heiminn í höndum sér. Hann leggur undir sig Norðlendingafjórðung og mörg goðorð. Vorið eftir er hann bókstaflega hoppandi glaður: „Hann var manna fimastur og leikinn mjög. Hann henti sér skemmtan að og hljóp yfir þúfu eða garðrúst lága og féll af svo að undir honum varð höfuðið og varð honum meint við og mest í bringunni. Það sló í þrota og opnaðist. Hafði hann það mein meðan hann lifði og það leiddi hann til grafar. “
Meinin draga Kolbein til dauða (bls. 530-531) en hvergi er minnst á að hann hafi hrjáð andleg mein (kvíði, martraðir) eins og ítrekað kemur fram í Óvinafagnaði. Það er þó næsta víst að slíkir „hermannasjúkdómar“ hafi hrjáð stríðandi aðila á Sturlungaöld eins og öðrum stríðstímum. Það er ekki fyrr en á 20. öld að farið er að greina þessi sálarmeiðsl. Í fyrri heimsstyrjöldinni var ástandið kallað *shell shock*, í þeirri síðari *combat fatigue* eða *psychoneurosis*.

23. kafli
Þórður

Bls. 99. Þórður leitar liðsinnis hjá Sturlu í Þórðar sögu kakala. Sturla segist bundinn trúnaðareiða við Kolbein en Þórður kallar þá eiða nauðung. Sturla lofar þá að verða honum að liði eftir mætti þegar Þórður kemur að vestan.

Um leið og fréttist að Þórður er kominn til landsins ganga liðsmenn Órækju til liðs við hann, fremstir í flokki eru Dufgussynirnir Björn Kægill og Kolbeinn grön. Frá þessu er örstutt sagt í skeytastíl. (Bls. 465). Lýsing bræðranna, grjótkastið og fundur þeirra Þórðar eru viðbót Einars Kárasonar. Svarthöfði Dufgusson kemur seinna til liðs við Þórð, sjá 26.kafla.

24. kafli
Björn drumbur

Sbr. 23. kafli.

25. kafli
Gísli á Rauðasandi

Gísli Markússon á Rauðasandi er kvæntur Þórdísi Gellisdóttur, frænku Þórðar. (Hún er barnabarn Hvamms-Sturlu eins og Þórður).



Gísli er Vestfjarðaforingi og kemur fyrst við sögu í Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar. Hann deilir við Eyjólf Kársson í Íslendinga sögu og er stuðningsmaður Sturlu Sighvatssonar. Síðar berst hann með Sturlu og Borgfirðingum gegn Þorleifi í Görðum í Bæjarbardaga, 28. apríl 1237. Gísli var viðstaddur Örlygsstaðabardaga en komst lífs af með því að flýja upp í fjall með Tuma Sighvatssyni og þaðan til Eyjafjarðar. Gísli er einn af þeim sem Kolbeinn lætur sverja sér trúnaðareið en er þó ekki sannur stuðningsmaður hans. Í Þórðar sögu er Gísli sagður ójafnaðarmaður og að enginn hafi verið einfaldari í samskiptum við Sturlunga en hann þar sem hann þurfti mjög á stuðningi þeirra að halda. Gísli er „mjög kominn á hinn efra aldur“ er Þórður kemur til Vestfjarða. (Bls. 466).

26. kafli
Þórður

Bls. 110. Eyvindur prestur Ragnheiðarson og Gísli á Rauðasandi eru kvæntir systrum (sjá töflu 104). Þær eru barnabörn Hvamms-Sturlu. Í Þórðar sögu kakala fer Þórður ekki á Rauðasand heldur í Haga og lætur kalla Gísla og aðra bændur þangað. Þar segist Gísli vera of gamall fyrir bardaga en lætur Þórð hafa fjóra syni sína, laungetna. (Synir hans aðrir eru aðeins börn að aldri.) Ekkert er sagt um móttökur Eyvindar. Þaðan fer Þórður á Eyri í Arnarfirði en þar ræður Steinunn, dóttir Hrafns Sveinbjarnarsonar, búi. Svarthöfði Dufgusson er þar en hann er kvæntur dóttur Steinunnar.
Samskipti Þórðar og Tuma eru sem fyrr skáldskapur Einars Kárasonar.

27. kafli
Halldóra

Skáldskapur Einars.

28. kafli
Björn drumbur

Bls. 118. Loftur er sonur Páls Skálholtsbiskups og einn af foringjum Oddaverja. Í Sturlungu er mikill fjandskapur með Lofti og Birni Þorvaldssyni á Breiðabólsstað. Sveitungar Björns kveða t.d. dansa og aðra flimtan um Loft. Deilurnar enda með bardaga og vígi Björns en þar kemur Sæmundur fróði Lofti til hjálpar. Þeir eru hins vegar taldir sýna lítinn dug við eftirmála vígsins og fá á sig kviðlinginn:

Loftur er í Eyjum,
bítur lundabein.
Sæmundur er á heiðum
og étur berin ein.

Heimili Lofts er vel vopnum búið skv. Sturlungu. Þórður lætur ræna vopnum þaðan en Loftur er þá að heiman. (Þórðar saga kakala, bls. 471-472.)

Bls. 119. Vísað er í Apavatnsför þegar Sturla Sighvatsson náði Gissuri á sitt vald en sleppti honum. Honum hefndist síðar fyrir lífgjöfina. Gott yfirlit yfir Apavatnsför er í Öldinni okkar, bls. 150.

Bls. 120. Í Þórðar sögu kakala fer Þórður með lið sitt að bæ Gissurar en móðir hans er þá heima en ekki hann. Þórður kemur fram við hana af virðingu eins og í Óvinafagnaði, hefur stjórn á sínum mönnum og bannar þeim að drepa skepnur. Þótt þær ræni mat er aðeins um eitt flautaker að ræða því öðru hefur hún komið undan í kirkju.

28. kafli
Flækingshundur

Ný persóna Einars Kárasonar. Ef til vill réttnefndur hinn víðfrægi „almannarómur“?

29. kafli
Tumi

Enn ítrekar Einar öfund Tuma í garð Þórðar. Munurinn á bræðrunum er mikill og ekki fjarri lagi í ljósi þess að Þórður hefur dvalið með hirð Noregskonungs þar sem mikið er rætt um kurteisi og hermannlega framkomu á þessum tíma. – Hákon konungur er t.d. mikill áhugamaður um riddarabókmenntir. Í Óvinafagnaði stjórnast Tumi af hvötum frekar en kunnáttu og hefur augljóslega ekki vit á herkænsku.

Klofningur liðsins kemur líka fyrir í Þórðar sögu kakala en án útskýringar. Þórður vill fara í Flóann en „Tumi bróðir hans kvað það fjarri skyldu fara „og ríði allir austur yfir ár, þeir er mér vilja fylgja“ Gekk þá liðið í tvo staði“. (Bls. 473)

30. kafli
Björn drumbur

Sbr. 29. kafli.

31. kafli
Þórður

Sbr. 29 og 30. kafli. Mun minna er gert úr deilum Þórðar og Tuma í Sturlungu en Óvinafagnaði. Tumi er ekki alltaf sammála Þórði í sögunni og mun hvatvísari en hann. Einar grípur þessa þræði og vefur úr þeim marga kafla.

32. kafli
Teitur Styrmisson

Teitur er systursonur Þórðar, sonur Sigríðar og Styrmis. Sjá 15. kafla.



---

33. kafli
Hjalti Magnússon

Hjalti tengist mjög söguhetjum Þórðar sögu kakala. Hann er sonur Magnúsar Gissurarsonar biskups í Skálholti en Magnús er ömmubróðir Kolbeins unga og Þórðar kakala, og föðurbróðir Gissurar Þorvaldssonar. Hjalti sér um bú Gissurar meðan hann er í Noregi.



Um þetta leyti er Sigvarður Þéttmarsson biskup í Skálholti. Skv. Þórðar sögu kakala er Hjalti með um 600 menn í Skálholti þegar Þórður kemur þangað með sína 200. Sigvarður reynir að leita sátta fyrir hönd bænda.

34. kafli
Kolbeinn ungi

Hér verður stríðsþreytan enn meira áberandi. Í Þórðar sögu fer Hjalti á fund Kolbeins sem sendir þegar í stað lið suður. Hjalti vill að flokknum sé stefnt yfir Kjöl en Kolbeinn vill fara vestari leiðina. Hjalti segir Sunnlendinga of lengi hafa þolað ófrið en Kolbeinn sakar þá um karlmennskuleysi fyrst þeir geti ekki hrundið ófriðinum. Norðlendingar biðja Hjalta alls ills og telja ástandið honum að kenna. Lið Kolbeins er um 600 manns. Þeir lenda í hríð og kulda og margir farast eða fá kalskemmdir á leiðinni. (Bls. 476-477.)

35. kafli
Þórður

Sunnlenskir bændur leggja áherslu á frið skv. Þórðar sögu kakala. Biskup og Teitur lögmaður Þorvaldsson (bróðir Gissurar) ganga á milli. Loks er samið um greiðslur bóta fyrir tilstilli Sigvarðar biskups og Steinvarar Sighvatsdóttur. Tumi er allsáttfús líka. Þingfararkaupsbændur skulu greiða Þórði 300 álnir en stærri bændur 500.

Bls. 152. Veturinn 1253 er Tumi í Skálholti með Sigvarði biskup. Þaðan fer hann í Flatey til Teits þar sem ákveðið er að þeir eigi bú saman. Síðan fer hann með lið sitt í hefndarför. Lætur m.a. höggva Símon knút sem var meðal þeirra sem veittu Snorra Sturlusyni barnasár. Lætur handhöggva Þorstein Guðinason fyrir sömu sök. Ekki er sagt frá ránsferð á Rangárvöllum eins og í Óvinafagnaði.

36. kafli
Steinvör

Í Þórðar sögu eru biskup og Steinvör látin kveða upp sættina en Steinvör ein á að dæma um það sem ekki næst samkomulag um. Að öðru leyti er ekki sagt frá ferð hennar til Skálholts.

Aftur er fjallað um einka-herför Tuma sem lítillega er minnst á í Sturlungu (t.d. bls. 499) en Einar skáldar í kringum.

37. kafli
Teitur Styrmisson

Sbr. 36. Lýsingin á samningunum í Skálholti er stutt í Sturlungu.

38. kafli
Þórður

Bróðir minn er skítseiði.

39. kafli
Björn drumbur

Enn skerpir Einar Kárason neikvæða mynd Tuma.

40. kafli
Sigvarður biskup

Sigvarður er í hlutverki sáttasemjara/friðarpostula víðar í Sturlungu.

Bls. 167. Vísað í Grímseyjarför 1222. 32 létust í aðför Sighvats á Grund, Sturlu Sighvatssonar og fleiri að mönnum Guðmundar biskups Arasonar. Ferðin var í hefndarskyni fyrir víg Tuma Sighvatssonar eldra.

41. kafli
Svarthöfði

Enn skerpir Einar jákvæða mynd Þórðar. (Öfugt við Tuma, sbr. 39. kafli.)

42. kafli
Kolbeinn ungi

Í Þórðar sögu lenda menn Kolbeins í krapadrífu og frosti. Upphaflega eru þeir um 600 en margir týna vopnum fyrir kulda, örkumlast eða deyja. Kolbeinn ráðleggur glímur til hita. Einar eykur mjög þennan kafla.

43. kafli
Teitur Styrmisson

Frásögn Sturlungu er orðin mjög hröð: eftirför Kolbeins og feluleikur Þórðar og Svarthöfða, hrakningar og víg. Menn Kolbeins á hælunum á mönnum Þórðar, koma að sömu bæjum.
Teitur hvetur menn áfram.

44. kafli
Kolbeinn

Sbr. 43. kafli.

45. kafli
Kolbeinn grön

Bls. 184. Ólafur helgi Haraldsson er helsti dýrlingur Norðurlandanna. Víða í Sturlungu kemur fram að menn eru strangtrúaðir þrátt fyrir blóðugt yfirbragðið. Kirkjan virðist lítið hafa getað (eða í sumum tilfellum viljað) sporna við ofbeldi sem lausn deilumála. Margir hinna baráttuglöðu höfðingja hafa tekið einhverja vígslu, þeir sem berjast eru allt frá djáknum til biskupa.

46. kafli
Svarthöfði

Atvikið þegar þeir Svarthöfði og Þórður Bjarnarson ausa yfir sig mjöllinni til að menn Kolbeins sjái þá ekki er líka í Þórðar sögu kakala. Menn Þórðar kakala eru hreinlega að sprengja undan sér hestana.

Bls. 188. Dufgus bjargar þeim á svipaðan hátt í Þórðar sögu með því að vara þá óbeint við án þess að koma upp um þá. (Bls. 482). „spurði hvort hann vissi að Ólafur chaim var þar með þrjá tugi manna." (Ólafur Höskuldarson chaim er einn manna Kolbeins og barðist með honum að Örlygsstöðum.)
Frásögnin af því hvernig Svarthöfði felur vopn sín og verjur í heitum ofni er í Þórðar sögu en mun fáorðari.

47. kafli
Teitur Styrmisson

Þórðar saga: Þórðir sendir þá sem þreyttastir eru í kirkjuna í Álftártungu og fara 30 menn þangað. Teitur o.fl. halda áfram með honum, taka brúna yfir Álftá. (bls. 480-481).

Bls. 191. Menn Kolbeins eru svo nærri að þeir ná nokkrum við kirkjuna, tveir af liðsmönnum Þórðar eru vegnir í kirkjugarðinum, Sigmundur Hallsson og Torfi Þorgeirsson.

48. kafli
Kolbeinn ungi

Þórðar saga: Menn Kolbeins tefjast þar sem brúna vantar yfir Álftá.

Bls. 194. Enn minnst á stríðsþreytuna, tilgangslaus mannvíg.

49. kafli
Tumi

Tumi virðist vera í Skálholti með liðinu í Þórðar sögu, sjá athugasemdir við 35. kafla.

50. kafli

Þórður

Þórður fer í Fagurey, síðan að Ballará (þar býr Valgerður Sighvatsdóttir) og víðar, t.d. til Gísla á Sandi, til að leynast og safna liði. Ekki minnst á þreytu hans í Sturlungu. Svarthöfði kemur til hans í Fagurey eftir að hafa falið sig í mjöllinni, sbr. 46. kafli.

Bls. 201. Tumi er kominn í Flatey til Teits Styrmissonar. Minnst er á að hann fari suður í Dali sem Einar Kárason gerir að dvöl hjá Svertingi í Hvammi, þetta er sama ferð Tuma og í 35. kafla.

Þórðar saga: Bræðurnir Sturla og Böðvar Þórðarsynir ríða til fundar við Þórð frænda sinn í Dögurðarnesi (Bls. 483). Böðvar er giftur systur Kolbeins og á erfitt með að játa stuðningi. Býðst til að sætta Þórð og Kolbein sem mistekst.

51. kafli
Gísli á Rauðasandi

Í Þórðar sögu segir að Gísli hafi farið vestur á Sand: „Fór þá enn eigi allmarglega með þeim Gísla." (Bls. 483). Einar gerir hins vegar mikið úr jákvæðum hug Gísla til Þórðar.

52. kafli
Þórður

Þórðar saga: Þórður er norður á Söndum um veturinn og allt er tíðindalaust. Ekkert skýrt frá veisluhöldum.

53. kafli
Kolbeinn

Hér hleypur Einar hratt yfir söguna af liðsafnaði Þórðar, ferðum hans milli bæja o.s.frv. Þórðar saga (bls. 501) segir að mein Kolbeins sem hann fékk eftir Örlygsstaðafund sé farið að hrjá hann mjög.

Bls. 210. Þorsteinn Hjálmsson sem sent er eftir hefur lengi verið með Kolbeini. Í Íslendinga sögu deilir hann við Brand Jónsson en Sturla sættir þá. Hann er foringi fyrir vestan ásamt Þorsteini úr Hvammi. Dufgussynir voru með Þorsteini áður en þeir fréttu af komu Þórðar til landsins.

Þorsteinn lendir á milli í sáttaumleitaninni, skv. Þórðar sögu. Hann einn heyrir boð Kolbeins um uppgjöf gegn því að hann og hans menn fái að halda lífi og limum. Þorsteinn velur Eyvind bratt stýrimann með sér í sáttaferðina en Eyvindur er lagður af stað þegar Kolbeinn kemur með þetta tilboð. Þórður samþykkir tilboðið eftir að Þorsteinn sver eið að það sé rétt. En Kolbeinn dregur orð sín til baka og þykist aldrei hafa boðið uppgjöf (bls. 502-504). Engar sættir verða. Eyvindur getur ekki stutt orð Þorsteins og hann tapar allri virðingu.

54. kafli
Þórður

Sbr. athugasemdir við 53. kafla.

Bls. 214. Sturla Þórðarson talar um þarfa friðflytjendur. Það er í anda Íslendinga sögu hans sem er uppfull af friðarboðskap.

Bls. 215. Steindór í Holti kemur lítillega við sögu á stöku stað í Sturlungu, alltaf í hlutverki ráðgjafa. Hann er einn af hinum stærri Vestfjarðabændum en ekki er sagt frá því að hann hafi verið viðstaddur sáttaboðið.

55. kafli
Tumi

Ekki er sagt frá því í Þórðar sögu hverjir eru viðstaddir þegar Þorsteinn kemur með sáttaboðið. Þó sjá menn að Sturla Þórðarson er með Þórði.

56. kafli
Þórður

Íslendinga saga: Sighvatur Sturluson varðveitti bú Kolbeins unga meðan hann var úti. Þórður kakali dvaldi þá á Flugumýri og Mörður Eiríksson með honum. Mörður er samt fyrstur að hlaupa á garðinn í Örlygsstaðabardaga. Hann er mágur Vestfjarðaforingjans Þorsteins í Hvammi.

(Hér stekkur Einar afturábak miðað við Sturlungu).

Þórðar saga: Skipt er í 18 manna sveitir og er Ásbjörn Guðmundsson yfir einni, Teitur Styrmisson og Svarthöfði annarri. Þórður, Kolbeinn grön og fleiri fara saman að Hvammi til að vega Mörð. (bls. 494-495). – Vega hann ekki með hans eigin spjóti.

Bls. 221, Tumi. Vandlega er sagt frá lokaátökum Kolbeins unga og Tuma í Þórðar sögu. Tumi fer einn um með 11 manna flokk. Ásbjörn spáir honum jafnmikilli frægð og Þórði. Tekið er fram að Tumi mæli eitt spámæli, hann neitar að fara með í eina ferð því hann sér fyrir að foringinn í ferðinni muni láta lífið. Menn hans fara fram af hörku undir stjórn Ásbjörns en á heimleiðinni er mikið vatn í ám og Ásbjörn drukknar.
Tumi og menn hans loks handteknir á Reykjahólum, bæ Tuma, eftir átök (bls. 507). Tumi biður sér griða og býður utanferð sína en því er hafnað. Hann skriftar þá og er síðan höggvinn.
Fleiri féllu þar en Tumi.
Þórður lætur Þuríði ekkju hans hafa fé þeirra bræðra en ætlar sér sjálfur að hafa fé Kolbeins ef hann nær að sigra hann. Þórður fær af þessu gott orð.

57. kafli
Kolbeinn

Þórðar saga: Kolbeinn safnar öllum skipum úr Norðlendingafjórðungi til Skagafjarðar. Skiptir liði sínu, sendir Brand Kolbeinsson með hálft liðið landleiðina (200 menn). Sturla Þórðarson fréttir af Brandi í Miðfirði og dregur saman um 200 manna lið. Mikið er sagt frá þessum aðdraganda Flóabardaga í Sturlungu. Kolbeinn

fréttir að Gissur sé kominn til landsins en vill ekki hætta á að hitta hann, hann er tilbúinn til annarra hluta. Á Jónsmessudag stefnir hann út á Flóa. Hann hefur 20 skip og um 400 menn.

Fyrst er sagt frá Þórði og skipssöfnun hans í Sturlungu, svo Kolbeini, öfugt við í Óvinafagnaði.

58. kafli
Þórður

Þórðar saga, bls. 511. Eftir dráp Tuma. Þórður leitar til Sturlu Þórðarsonar, Ingjalds og Þorleifs um liðveislu á þingi. Þeir telja sig ekki hafa mannafla til þess. Þórður er hugsjúkur og finnst lið sitt vera að þynnast. Gefur upp búskap á Mýrum, Hrafn Oddsson býður honum að taka við búi á Eyri. Þórður byrjar að safna skipum á Vestfjörðum.

Bls. 225, skipin: Ógnarbrandurinn er mikil skúta, fengin í Ísafirði. Skipinu stýra Nikulás Oddsson, Eyjólfur Einarsson og Sigmundur Gunnarsson. Rauðsíðan er stærsta skip Þórðar, því stýrir Bárður af Ströndum. Þar á eru Arnfirðingar og Dýrfirðingar. Þórður fær alls 15 skip í Þórðar sögu og um 200 menn.
Þórði er sagt að Kolbeinn hafi eitt lið norðan Flóa og annað í landi en ekki sé vitað hvar hann sé sjálfur. Þessu trúir Þórður ekki.

Þegar dettur á með dúna logni heitir Þórður á guð almáttugan, Maríu guðs móður og Ólaf helga. „Var því heitið að allir menn þeir er þar voru með Þórði skyldu vatna allar föstunætur innan þeirra tólf mánaða og fasta laugardaga alla til vetrar fram og láta kaupa tólf mánaða tíðir fyrir sál Haralds konungs Sigurðssonar.” (515).

59. kafli
Svarthöfði

Þórðar saga kakala, bls. 516. Skýring söguritara á góðu gengi liðs Þórðar: Liðið er með miklu meira grjót og mun reyndari sjómenn. „Hver maður er öðrum kænni“ þegar kemur að sjómennsku. (Auk þess hafa þeir heitið á guð og helga menn.)

Bls. 228. Skv. Sturlungu er Þórður með 15 skip.

60. kafli
Þórður

Aðeins í Óvinafagnuði.

61. kafli
Kolbeinn

Lýsingin á bardaganum, 25. júní 1244, er nákvæm í Sturlungu en kortin sýna leiðir þeirra.

512-529


Flóabardagi
25. júní 1244
Leið Þórðar kakala
Hornstrandir
Ísafjörður
Trékyllisvík
Eyri
Leið Kolbeins unga
Skagi
Skagafjörður
Selvík
Húnaflói
Leið Brands Kolbeinssonar
Miðfjörður
Hrútafjörður
Staðarhóll
Leið Sturlu Þórðarsonar
Breiðafjörður


Horn
Leið Kolbeins unga
Leið Þórðar kakala
Ingólfsfjörður
Furufjörður
Bardagastaðurinn (ú.þ.b.)
Önundarfjörður
Drangar
Engines
Ófeigsfjörður
Holt
Dýrafjörður
Arnes
Reykjanes
Sandar
Arnarfjörður
Eyri
Lið Þórðar dreifist
Kallaðarnes
Steingrímsfjörður
Staður/Reynistaður
Viðimýri
Leið Brands Kolbeinssonar
Leið Sturlu Þórðarsonar
Haukadalsskarð
Haukadalur



Kvæðið Atlöguflokkur eftir Ingjald Geirmundarson er notað til sanninda í Sturlungu. Blóðbaðið er gífurlegt. Þórður berst af mestri hörku (eins og sagt er á bls. 234 í Óvinafagnaði) en Kolbeinn hefur sig lítt frammi. Skýring höfundar Þórðar sögu kakala (bls. 518) er tvíþætt: Annars vegar telur hann sig hafa nægan mannafla, hins vegar er hann ekki heill heilsu.
Þægileg samantekt um bardagann er á bls. 188 í Öldinni okkar. Niðurstaðan er: Vestfirðingar sigra Norðlendinga, 80 falla úr liði Kolbeins, innan við 10 frá Þórði.

62. kafli
Þórður

Þórðar saga (bls. 524): Þórður er hugsjúkur því hann saknar tveggja skipa. Lið hans rær að landi. Þar finnast hin týndu skip heil. Þórður heldur kraftmikla þakkarræðu yfir mönnum sínum. Óttast eftirför Kolbeins.

Í Óvinafagnaði er því sleppt að Kolbeinn fer með lið sitt á land, rænir kirkjuna í Trékyllisvík, tekur svo skip með sér eða brennir. Síðan gerir hann það sem aldrei hefur verið gert á Íslandi, segir höfundur, lætur taka eða brenna hvali svo lið Þórðar fái ekki mat. Rænir allar Strandir og svo á Vestfjörðum. Sumir Vestfirðingar snúast frá Þórði og sverja honum eiða. Gissur Þorvaldsson er kominn til landsins og safnar liði. Þórðarsynir, Sturla og Böðvar, safna þá líka liði. Kolbeinn snýr heim og Þórður fer á Eyri og er þá kyrrt um hríð. – Síðan: Ótryggt ástand, ógnanir, Kolbeinn vill ekki gefa eftir jarðir Sighvats. Ákveðið er að báðir skuli fara á fund Hákonar konungs sem á að kveða upp dóm. Kolbeinn greiðir 60 hundruð vaðmála til Þórðar til fararinnar Vorið 1245 veikist Kolbeinn enn harðar af sárum sínum og kemst ekki utan. Vill að Gissur taki við veldinu og Brandur Kolbeinsson með honum. Gissur telur sig ekki tilbúinn að taka við. Kolbeinn gefur þá Þórði eftir veldið fyrir Norðan, en Brandur heldur Skagafirði. Á móti á Þórður að veita grið og játa sættir.

Kolbeinn deyr, 35 ára gamall, 22. júlí 1245.
(Bls. 528-532).

63. kafli
Teitur

Kolbeinn lætur allt í einu undan, vegna slæmrar heilsu, sjá athugasemdir við 62. kafla. Þórðar saga: 13. ágúst 1245 vinna bændur í Eyjafirði Þórði trúnaðareiða. Þórður hefur fengið jarðir Sighvats föður síns, þar á meðal Grund þar sem hann heldur miklar veislur.

Bls. 241. Kolbeinn gengur ekki í klaustur heldur veikist og deyr.

64. kafli
Halldóra

Halldóra kemur ekki aftur við sögu í Sturlungu eftir að hún tekur á móti Þórði við komuna til landsins. Ekki kemur fram að hún hafi flust á Grund til Þórðar.

65. kafli
Kolbeinn ungi

Um endalok Kolbeins skv. Sturlungu, sjá 62. kafla.

66. kafli
Svarthöfði

Í lok Óvinafagnaðar segir Svarthöfði að Þórður hafi verið kallaður utan á konungsfund og ekki átt afturkvæmt. Áður en það gerist hafa orðið hörð átök skv. Þórðar sögu kakala. Brandur á Stað í Skagafirði er vinsæll, bændur þar voru menn Kolbeins unga, þeir spotta nú Þórð. Brandur bannar það. Hann biður Gissur að taka Borgarfjörð af Þórði, segist ekki komast úr húsi vegna ástandsins. Þórður fer í Skagafjörð með lið mikið til aðhefna harma sinna. Er með 500 menn en Brandur 600. Stefnir í bardaga, Brandur býður að Gissur sætti þá en Þórður vill sjálfdæmi og hafnar tillögunni. Loks verður gríðarlegur bardagi, mannskæðasta orrusta Íslandssögunnar. Haagsnessfundur, 19. apríl 1246. Yfir 100 menn falla, 40 frá Þórði og 70 frá Brandi. Ákveðið er að Gissur og Þórður fari til Noregs og tali máli sínu fyrir Hákoni konungi. 12 menn úr hvoru liði sverja þessa sætt en höfðingjarnir eru ekki viðstaddir.
Yfirlit yfir Haugsnessfund er á bls. 196 í Öldinni okkar.

Þórðar sögu kakala er ekki lokið. Þórður fer á Flugumýri og býður þeim sem vilja sættast grið. Margir fara til hans. Hann fær öll héruð fyrir norðan. Gissur fer í Skagafjörð til ekkju Brands, Skagfirðingar játa honum trúnað.
Gissur fer utan, síðan Þórður sem lætur Hálfdan og Steinvöru sjá um Grund á meðan. Málflutningurinn í Noregi: Þórður lætur lesa rollu um sök Haukdæla við Sturlunga en Gissur flytur mál sitt munnlega. Eru báðar frásagnirnar sanngjarnar og vel fram settar. Hákon virðist styðja Gissur. Þórður fer heim og stýrir Íslandi skv. ráði Vilhjálms kardinála sem þá er í reisu um Norðurlönd, f.h. Innocentiusar páfa. Vilhjálmur telur réttast að einn maður stýri landinu og telur Þórð hafa borið skarðan hlut frá borði.

Hákon konungur heldur Þorgils skarða, frænda Þórðar, eftir í gíslingu. Gissur þarf að vera úti og líkar það illa svo hann gengur til Rómar sér til sáluhjálpar.
Þórður skipar nú mönnum til valda og gerir ýmsa samninga. Hann ræður öllu á þingi og líkar mönnum það misvel. Heinrekur biskup sem er í för með honum telur hann svíkja konunginn. Hann fer utan og klagar framganginn. Hákoni líst illa á stöðuna og skipar Þórði að sigla utan, árið er 1246.

Hér lýkur Þórðar sögu kakala.
Í Íslendinga sögu – og Þorgils sögu skarða - er sagt frá endalokunum:

Þórður kemur heim og leggur undir sig ríki Snorra Sturlusonar og allt Vesturland. Verður einráður á alþingi 1248. Fer utan ásamt Sigvarði biskup 1250.
Gissur kemur heim 1252 og Þorgils skarði Böðvarsson Þórðarsonar, Heinrekur biskup o.fl. með honum. Gissur tekur Norðlendingafjórðung, Þorgils Borgarfjörð (konungur telur fjörðinn hafa fallið undir sig við víg Snorra og gefur Þorgils leyfi til að sækja hann). Menn játast fúslega undir Gissur. Gissur giftist Gró(u) Álfsdóttur, kaupir Flugumýri.
Þórður er þá úti og óhress með það en sendir Kolbein grön, Ara Ingimundarson, og fleiri menn sína heim. Þeir hitta Sturlu Þórðarson, Hrafn Oddsson og fleiri vini Þórðar og ákveðið er að fara að Gissuri. Fyrst er Þorgils skarði látinn sverja trúnaðareiða. Aldrei eru færri en 80 karlar á Staðarhóli um veturinn og þarf víða að finna mat. (Bær Sturlu Þórðarsonar.)
Hallur Gissurarson biður Ingibjargar Sturludóttur Þórðarsonar (hún er 13 ára). Brúðakaupið á að sætta ættirnar.
Eyfirðingurinn Eyjólfur ofsi Þorsteinsson, Kolbeinn grön, Hrani Koðránsson, Hrafn Oddsson, o.fl. ætla að ná Gissuri og höggva hann eða brenna. Brúðkaupsveislan er að Flugumýri en um nóttina er ráðist á bæinn, - það er 22. október 1253. 25 menn deyja, þ.ám. Gró(a) og þrír synir Gissurar. Ingibjörg Sturludóttur sleppur við illan leik. Gissur bjargar sér með því að skríða ofan í sýruker.
Hrafn og Eyjólfur setjast að á Grund. Svarthöfði og fleiri gamlir liðsmenn Þórðar eru í liði þeirra.
Gissur nær hefndum en fer utan 1254.
Þórður kakali deyr á sóttarsæng í Noregi 11. október 1256. Líklega er konungur þá búinn að taka hann í sátt. Hann deyr áður en hann fær að reyna endurvakta sæmd sína á Íslandi, það kemur í hlut Gissurar að leiða Íslendinga undir stjórn Noregskonungs.
Gissur kemur til Íslands 1258 og hefur konungur skipað honum Noreðlendingafjórðung, Sunnlendingafjórðung og Borgarfjörð. Landsmenn sverja konungi (og Gissuri) eiða og / eða skatt.
Gamli sáttmáli 1262.